

Fundargerð hverfisnefndar Holta- og Hlíðahverfis

Fundur haldinn þriðjudaginn 10. mars 2009 í Glerárskóla

Mættir: Valdimar Pálsson formaður, Helga Aðalgeirsdóttir, Ingvar Þóroddsson og Pálína Jónsdóttir.

Helga Aðalgeirsdóttir ritaði fundargerð.

Tillaga að deiliskipulagi fyrir æfingasvæði við Skarðshlíð

Hverfisnefndarmenn voru sammála um að senda inn athugasemdir vegna deiliskipulagstillögunnar. Óska eftir að girðingin sem sýnd er meðfram Skarðshlíð verði staðsett í góðri fjarlægð frá gangstéttinni, eða í lágmark 2 m fjarlægð, því háar girðingar fast við gönguleiðir virka illa á vegfarendur. Einnig þarf að vera pláss vegna snjómoksturs. Vindasamt er á deiliskipulagssvæðinu í grennd við Skarðshlíðina. Mikilvægt er að halda í þann gróður sem þegar er á svæðinu, til að skapa hlýleika og skjól. Í athugasemdunum verður óskað eftir að þær aspir sem eru meðfram Skarðshlíðinni fái að standa. Bent verður á að með því að planta limgerði meðfram girðingunni að utanverðu, væri hægt að draga úr slæmum sjónrænum áhrifum hennar og skapa skjól, bæði fyrir gangandi vegfarendur og þá sem munu stunda æfingar á svæðinu. Einnig verður bent á að undirgöng undir Hörgárbraut munu líklega ná inn á deiliskipulagssvæðið.

Hverfakaffi í Brekkuskóla

Fjórir nefndarmanna mættu á hverfakaffi í Brekkuskóla þann 5. mars 2009 þar sem Sigrún Björk Jakobsdóttir bæjarstjóri fjallaði um tilurð og hlutverk hverfisnefnda, Pétur Bolli Jóhannesson skipulagsstjóri fjallaði um skipulagsmál og Guðmundur Haukur Sigurðarson hjá Mannviti kynnti verkefni varðandi hjólastíga í bænum.

Á fundi hverfisnefndar voru umræður um fundarefni hverfakaffisins og voru nefndarmenn nokkuð ánægðir með fundinn. Í kjölfarið sköpuðust umræður um skipulagsmál, göngu- og hjólréiðastíga o.fl., m.a. hvernig framkvæmdum er forgangsraðað og að litlum fjárumunum sé veitt til göngu- og hjólréiðastíga í bænum.

Framkvæmdir á Þórssvæðinu

Umræður um framkvæmdir á Þórssvæðinu. Á komandi aðalfundi verða líklega veittar upplýsingar um stöðu framkvæmda en stúkubygging virðist vel á veg komin.

Göngustígur úr Bakkahlíð

Enginn göngustígur liggur úr suðvesturhorni Bakkahlíðar í átt að hringtorginu við gatnamót Hlíðarbrautar og Borgarbrautar. Ef útbúinn yrði göngustígur á þessu svæði myndu gönguleiðir úr hverfinu styttest verulega. Íbúar á þessu svæði í götunni eru ekki ánægðir með hve margir ganga yfir lóðir þeirra, sérstaklega eftir að Giljahverfi byggðist upp og verslun Strax var opnuð.

Brotajárnssvæðið í Neshverfi og svæði Arnarfells

Neshverfi fellur líklega ekki undir það svæðið sem hverfisnefnd Holta- og Hlíðahverfis á að fjalla um. Hins vegar eru nokkur svæði í Neshverfi sem eru til skammar fyrir alla bæjarbúa. Umræða um hverjir gætu beitt sér fyrir því að tekið yrði til á svæðinu. Krossanesborgir sem eru friðlýstar eru í næsta nágrenni og það þyrfti að gera miklar kröfur til atvinnurekenda á svæðinu um góða umgengi.

Aðalfundur 2009

Ákveðið var að halda aðalfund miðvikudaginn 18. mars 2009 kl. 19:30 og verður hann auglýstur í Dagskránni þann 11. mars og boð send út til foreldra barna í Glerárskóla í gegnum tölvukerfi skólans. Rætt um undirbúning fundarins.